

Stjórnarfundur Leiknar föstudaginn 21. febrúar 2020

kl.12:00-14:00.

Staður: Húsnæði Framvegis, Skeifunni.

Mætt: Guðrún Vala (GV), Helgi (HS) í fjarfundi, Eyjólfur (ES), Helga (HG), Ingibjörg (IK) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð. Fjarverandi: Sólrún (SB).

1. Manifesto - staðan

Rætt um íslensku útgáfuna á Manifesto og hver staðan væri á þýðingunni. Helgi og Vala munu hittast fyrstu vikuna í mars til að fara yfir skjalið, eftir það senda þau það á stjórn til yfirlstrar og lokafrágangs. Stytttri útgáfan hefur verið yfirfarin og samþykkt af stjórn, henni verður komið í rafræna dreifingu sem fyrst af GV.

2. Námsferð stjórnar

Helgi kynnti drög að dagskrá. Farið verður út til Danmerkur þriðjudaginn 31.mars nk. og komið heim föstudaginn 3.apríl. Aðilar sem hafa samþykkt að taka móti okkur eru m.a. VUC, Væksthus for ledelse, Nordic bildung og systursamtök Leiknar DFS.

3. Námsferðir félagsmanna styrktar af KA1 styrk

Umræða um fyrirkomulag námsferða og hvort eigi að auglýsa t.d. ferðir á tiltekna viðburði eins og ársfund European Basic Skills Network, sem haldinn verður í Bratislava í Slóvakíu 11. og 12. júní nk. Meginefni ráðstefnunnar er Evrópuáætlunin *Upskilling pathways* (sem eru tilmæli ESB um leiðir til hæfnipróunar), sjá nánar um viðburðinn [hér](#) og drög að dagskrá er að finna [hér](#). Stjórn mun ræða tillöguna betur sín á milli og taka ákvörðun síðar.

4. Næstu vefferindi

GV fékk sendar upptökur af erindi um niðurstöður rannsóknar á viðhorfi þátttakenda í íslenskunámi fyrir útlendinga, en fundur um málið var haldinn á vegum Ísbrúar, félags kennara sem kenna íslensku sem annað mál fyrir á árinu. Markus Hermann Meckl, sem hélt erindið, gaf leyfi sitt fyrir því að nota upptökurnar á Youtube rás Leiknar, einhverjir hnökror eru á upptökunum og er leitast við að finna lausnir á þeim áður en þær verða settar í dreifingu.

GH sagði frá því að erindi Starfsmenntar og Keilis um raunfærninat á móti kröfum Háskólabrúar Keilis væri í undirbúningi og upptökur ættu að fara fram á næstu dögum eða vikum.

IK sagði frá námskeiðum sem Framvegis hefur þróað og kennt og eiga erindi við fullorðins-fræðslugeirann. Annað námskeiðið varðar upplýsinga- og menningarlæsi og er sérstaklega ætlað fólki af erlendum uppruna. Verkefnið var unnið í samvinnu við Vinnumálastofnun. Hitt námskeiðið er fyrir ungt fólk í endurhæfingu á vegum Virk.

HS sagðist geta sett í gang vinnu við erindi um námsleiðir framhaldsfræðslunnar sem eru í gangi á vegum SÍMEY og fara fram á vinnutíma og á vinnustað.

5. Viska verkefni lokið

Lokaráðstefna Viska verkefnisins um mat á raunfærni innflytjenda var haldin 4.febrúar sl. í húsnæði Iðunnar og sagði GV frá því helsta sem þar kom fram. Lokaráðstefnan var haldin 12.febrúar sl. í Brussel en niðurstöður eiga eftir að koma á vefinn www.viskaproject.eu.

6. Erasmus – cocreate ráðstefna

GV sagði frá ráðstefnunni Cocreate Erasmusplus, www.cocreating.eu, sem hún sótti í Brussel í lok janúar sl. Ferðin var á vegum Rannís og voru nokkrir fulltrúar frá Íslandi frá ýmsum fræðsluaðilum. Margar fróðlegar málstofur voru haldnar og hvatti GV alla til þess að skoða betur efnið á vefsvæði ráðstefnunnar en þar má finna upptökur af viðburðum.

7. Ráðstefna Kvasis, Leiknar og NVL

Sameiginleg ráðstefna Kvasis, Leiknar og NVL verður haldin 13.maí nk. í Reykjavík, um heilsdagsráðstefnu verður að ræða. Í stað sérstaks yfirpema verða erindi, málstofur og verkstæði af margvíslegum toga. Dagskráin er í smíðum og verður hún tilbúin 10.mars í síðasta lagi. Aðalfundur Kvasis verður daginn áður, þ.e. 12.maí.

8. Menningarfærni

GV sagði frá verkefni sem var á höndum Velferðarráðuneytis og varðar eflingu menningarfærni hjá opinberum starfsmönnum. Einhver þvælingur var á verkefninu en nú er staðan sú að búið er að tryggja fjármagn til að útbúa og halda námskeið um hvernig kenna megji menningarfærni. Símenntunarmiðstöðvum verður boðið að senda fulltrúa. VEL hyggst fara í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga því öll sveitarfélög eiga að hafa sett sér áætlun um móttöku fólks af erlendum uppruna.

9. Aðalfundur Leiknar

Aðalfundur Leiknar verður haldinn 12.maí næstkomandi. GV og HG gefa ekki færi á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

10. Menntastefna til ársins 2030

Leikn fékk tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030 til umsagnar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Vigdís, frá Framvegis, kom inn á fundin og sagði frá því helsta sem fram fór á fundi sem haldinn var í MRN föstudaginn 14.feb.sl. Enginn fulltrúi Leiknar hafði tók á að komast á fundinn m.a. vegna óveðurs sem geysaði á landinu öllu. Á fundinn höfðu verið boðaðir aðilar úr fullorðinsfræðslugeiranum sem og ýmsir hagsmunaaðilar úr atvinnulífinu. Nokkur samhljómur var með athugasemdum sem settar voru fram á fundinum og þeim athugasemdum sem stjórn Leiknar ræddi í tengslum við þingályktunartillöguna. GH var svo falið að taka saman athugasemdir Leiknar og senda á ráðuneytið fyrir dagslok.

11. Önnur mál

- GV barst erindi frá eistneskum fræðsluaðila sem óskar eftir að koma með lítinn hóp í námsferð til Íslands og kynnst m.a. EQM og innleiðingu gæðakerfis í fullorðinsfræðslu, hvernig náð er til fólks í markhópi framhaldsfræðslunnar og heimsækja 1-3 símenntunarmiðstöðvar. GV mun setja saman tillögur að dagskrá fyrir Eistana og vera í sambandi við aðra stjórnarmeðlimi.

Fundi slitið kl. 14:00, næsti fundur verður ákveðinn síðar.